

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sauðfjárverndina, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. nóvember 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sauðfjárverndina.

1. gr.

Sauðfjárverndin er sjálfseignarstofnun og er lögheimili hennar og varnarþing á Selfossi.

2. gr.

Markmið Sauðfjárverndarinnar er:

- að hvetja sauðfjáreigendur til bættrar meðferðar og hirðingar á sauðfé og skal gera það með áminningum í útvarpi og stuttum blaðagreinum.
- að benda á sama hátt á tjón það og þjáningar er rándýr (refir og minkar) svo og vargfuglar valda árlega og sýna fram á nauðsyn þess að nefndum skaðvöldum verði fækkað.
- að brýna fyrir ökumönnum vélknúinna ökutækja að aka varlega á vegunum, sérstaklega eftir að búið er að sleppa sauðfé á vorin.
- að verðlauna þá menn er skara fram úr við eyðingu refa og sitja eldri menn fyrir í því efni að öðru jöfnu.

3. gr.

Stofnfé Sauðfjárverndarinnar eru allar eignir Jóns Konráðssonar, Smáratúni 1, Selfossi að honum látnum samkvæmt erfðaskrá dags. 8. apríl 1975.

4. gr.

Stjórn Sauðfjárverndarinnar skipa 3 menn, og eru tveir tilnefndir af stjórn Sambands dýraverndunarfélaga Íslands en einn af núverandi félagsmönnum í Sauðfjárverndinni meðan þeirra nýtur við. Ella skal bæjarstjórn Selfoss tilnefna einn mann í stjórnina. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

5. gr.

Eignir Sauðfjárverndarinnar skulu vera í vörslu Sambands dýraverndunarfélaga Íslands.

Stjórn Sauðfjárverndarinnar skal leitast við að ávaxta stofnféð á sem tryggilegastan hátt. Reikninga skal gera upp árlega fyrir 1. mars ár hvert og endurskoða af löggiltum endurskoðanda.

6. gr.

Tekjur eru auk árlegra vaxta, hvers konar gjafir, áheit svo og annað fé, er stjórnin kann að afla.

7. gr.

Í samræmi við markmið Sauðfjárverndarinnar má verja öllum tekjum, en höfuðstól má aldrei skerða.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu aðeins heimilar ef þær hafa verið samþykktar mótatkvæðalaust í stjórn Sauðfjárverndarinnar og stjórn Sambands dýraverndunarfélaga Íslands, enda verði þær staðfestar á sama hátt og skipulagsskrá þessi.

9. gr.

Ef Sauðfjárverndin verður lögð niður skulu allar eignir hennar renna til þess ráðuneytis er hefur yfirumsjón með dýraverndarmálum, enda skulu þær notaðar í þágu dýraverndar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

REGLUGERÐ**um skráningargjald og árgjald sérlyfja á Sérlyfjaskrá.**

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 20 000,00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum lyfjaformum eða öðrum styrkleikum sérlyfja skal rita nýja umsókn. Er skráningargjaldið þá kr. 10 000,00.

Sækja skal um viðurkenningu á hvers konar breytingum á skráðum sérlyfjum með umsókn. Skráningargjald slíkra umsókna er kr. 5 000,00.

2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á Sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 4 500,00, er greiðist fyrir 1. mars ár hvert.

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða.

3. gr.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu skráningargjalds og árgjalds sérlyfs, ef sérstakar aðstæður mæla með. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist ráðuneytinu.

4. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu standa straum af kostnaði við starfsemi lyfjanefndar og eru lögtakskræf.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 108 14. nóvember 1984 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 437/1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. nóvember 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.